



Íbúaráð Breiðholts

Svar við fyrirspurn íbúaráðs - Aðbúnaður við göngubrautir og stefna varðandi öryggismyndavélar.

Vísað er til erindis íbúaráðs Breiðholts, dags. 4. mars sl., þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvaða stöðlum Reykjavíkurborg fylgi við gönguleiðir barna, gönguþveranir og stefnu um öryggismyndavélar.

Reykjavíkurborg, í samráði við skólayfirvöld og lögreglu, leitast við að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla. Hér á landi er ekki í gildi sérstakur staðall um hönnun eða öryggiskröfur fyrir gönguleiðir almennt. Við hönnun gangstíga- og stétta er unnið eftir erlendum stöðlum. Jafnframt er farið að þeim leiðbeiningum sem fram koma í ritinu *Hönnun fyrir alla - Algild hönnun utandyra*. Hvað varðar hönnun gönguþverana sérstaklega, hafa Reykjavíkurborg og Vegagerðin, sameiginlega staðið að útgáfu leiðbeiningarritsins *Gönguþveranir*. Í ritinu er sérstaklega fjallað um gönguþveranir í tengslum við gönguleiðir skólabarna og leitast Reykjavíkurborg við að fylgja þeim viðmiðum sem þar koma fram. Bæði ritin eru aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/>

Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á að draga úr leyfilegum hámarkshraða og raunhraða ökutækja við helstu gönguleiðir skólabarna, með hraðatakmarkandi aðgerðum. Í þeim efnum er sérstaklega miðað við að leyfilegur hámarkshraði sé ekki hærrí en 30 km/klst. og raunhraði lægri en 35 km/klst. Aðstæður á hverjum stað geta þó leitt til mismunandi áherslna og aðgerða. Reglulega er farið yfir ábendingar sem berast borginni, auk þess sem rýnt er í tölfræði um slys og þær upplýsingar bornar saman við fyrirliggjandi gögn um kortlagðar gönguleiðir skólabarna.

Hvað varðar stefnu Reykjavíkurborgar um öryggismyndavélar við skóla, er bent á tillögur starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi frá 26. maí sl. en stefnumótun um slík mál fellur undir starfssvið skóla- og frístundasviðs.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri